

**432. Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði,
fimmtudaginn 29. september 2011 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Birna Benediktsdóttir (BB), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, ritari.

Dagskrá:

- 1. 1109073 - Heilbrigðiseftirlit - fundargerð 16.09.2011.**
Lagt fram til kynningar.
- 2. 1109054 - Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerð 789.fundar stjórnar þann 9.september 2011**
Lagt fram til kynningar.
- 3. 1109082 - Varasjóður - aðalfundur 25.09.2011**
Enginn fulltrúi mætti á fundinn fyrir Tálknafjarðarhrepp.
- 4. 1109072 - Jöfnunarsjóður - ársfundur 12.10.2010**
Oddviti verður fulltrúi Tálknafjarðarhrepps. Samþykkt samhljóða.
- 5. 1109071 - Eftirlitsnefnd - Lykiltölur sveitarfélaga 2010.**
Lagt fram til kynningar.
- 6. 1109052 - Samþykkt um gatnagerðargjald, stofngjald og fráveitu, byggingaleyfis-, afgreiðslu- og þjónustugjöld tæknideildar Tálknafjarðarhrepps.**
Fyrri umræða. Samþykktinni vísað til seinni umræðu. Samþykkt samhljóða.
- 7. 1109001 - Verksamningur um byggingu og rekstur gámapallar á Tálknafirði**
Oddvita heimilað að undirrita lánasamning að hámarki 19.000.000, til sex ára við Landsbanka Íslands til kaupa á gámasvæðinu. Samþykkt samhljóða.
- 8. 1108063 - Fjórðungssamband Vestfj. - Umhverfissvottaðir Vestfirði.**
Hreppsnefnd samþykkir að hafist verði handa við forvinnu verkefnisins á þessu stigi,sem er spurningalisti sem Fjórðungssamband Vestfirðinga svarar fyrir hönd sveitarfélaganna. Samþykkt samhljóða.
- 9. 1108062 - Iðnarráðuneytið - Tillaga um vernd og orkunýtingu landsvæða.**
Ákveðið að senda ekki umsögn. Samþykkt samhljóða.

10. 1109090 - Fjórðungssamband Vestfirðinga, almenningssamgöngur.

Hreppsnefnd leggst ekki gegn því að Fjórðungssamband Vestfirðinga taki við skipulagi og framkvæmd almenningssamgangna á Vestfjörðum. Engar almenningssamgöngur á landi eru til og frá sunnanverðum Vestfjörðum. Tryggja þarf að fjármagn fylgi til þess að efla og bæta þjónustuna. Samþykkt samhljóða.

11. 1109089 - Velferðarráðuneytið - aðgerðaáætlun sveitarfélaga.

Erindinu vísað til félagsmálanefndar V-Barð. Samþykkt samhljóða.

12. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður 13. og 14. október og mun oddviti mæta þar fyrir hönd Tálknafjarðarhrepps.

Gámasvæðið verður opnað formlega á laugardag 1. okt.kl. 12:30.

Oddviti er að afla upplýsinga frá sveitarfélögum á Vestfjörðum varðandi eyðingu minka og refa.

Stefnt er að því að minnka notkun plastburðarpoka og hafa Tálknafjörður og Vesturbyggð í samstarfi við Gámaþjónustuna fest kaup á tauburðarpokum.

13. 1109091 - Trúnaðarmál

Bókað í trúnaðarbók sveitarfélagsins á bls.10.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:10.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____